

Skólaráð Naustaskóla

1. fundur ársins 2016 þann 7. janúar 2016

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Vaka Óttarsdóttir og Áshildur Hlín Valtýsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Berglind Bergvinsdóttir, Valdís Rut Jósavinsdóttir og Inga Vala Magnúsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Staða list- og verkgreinakennslu

Umræður um list- og verkgreinakennslu og fleira varðandi skipulag og stundaskrá. Fyrirséð er að tilefni er til að taka stundaskrárrammann til endurskoðunar fyrir næsta skólaár m.a. vegna tilkomu íþróttahúss og þess að hópastærðir á miðstigi eru að sprengja núverandi smiðjufyrirkomulag. Ýmsum hugmyndum velt upp og þær ræddar, má þar nefna eftirfarandi:

Taka upp listgreinar í stað áhugasviðsvinnunnar á unglingsstiginu?

Setja náttúrufræði inn í smiðjurúllu á miðstiginu?

Spurt af hverju sé aðeins tónmennt í 1. bekk en ekki aðrar listgreinar - þæling hvort það eigi frekar að kenna einhverja aðra eða fleiri listgreinar þar, hafa meiri fjölbreytni eða bæta frekar við íþróttatíma?

Rætt um tímalengd á smiðjutímum - stytta löngu tímana á miðstigi?

Danskennsla - taka upp að nýju?

Hætta með útiþróttakennslu þegar íþróttakennslan er komið í gagnið, en leggja í staðinn áherslu á útikennslu í tengslum við aðrar námsgreinar - festa tíma á stundaskrá? Útikennsla sem hluti af smiðjurúllu?

Í tengslum við umræður um næsta vetur var einnig rætt um sturtumál í yngstu bekkjum - hugmynd um að gera könnun meðal foreldra um hvort fólk vilji hafa sturtuskyldu eftir íþróttatíma.

Stefnt er að því að hefja frumvinnu við stundaskrárramma næsta vetrar á allra næstu vikum þannig að hugsanlega sé hægt að kíkja á fyrstu drög á næsta fundi skólaráðs.

2. Endurmenntunaráætlun

Ræddar hugmyndir að áherslupunktum fyrir endurmenntunaráætlun skólans. Rætt um að hafa áherslu á náttúrufræðikennslu - vantar aukna breidd í þeirri þekkingu.

Núvitund - kvíðastjórnun - leita hugsanlega til Giljaskóla með leiðsögn.

Bent á námskeið í Brekkuskóla um sjálfsmynd barna, umræður um Baujuna, Teaach, tölvufræðslu, markþjálfun o.fl.

3. Staða framkvæmda við skólann

Framkvæmdir við íþróttahús virðast á áætlun en nokkur bið verður á að fatahengi 2.-4. bekkjar komist í gagnið. Umræður um skólalóðina en framkvæmdum við hana var frestað. Áformað að nýta þá tímann til að rýna vel í hönnun lóðarinnar. Stjórn Foreldrafélags ætlar að taka það mál upp, einnig skólaráð í framhaldi af því.

4. Önnur mál

A. Menntamálastofnun boðar að hið nýja afræna prófskírteini/útskriftarskírteini sé rétt við það að birtast..

B. Foreldrafélagið ætlar að kaupa bækur fyrir bókasafn skólans. Óskað eftir að leitað verði eftir hugmyndum frá nemendum, fá nokkra "óskatitla" frá hverjum námshópi. til teymanna um að fá óskir um bókakaup..

Næsti fundur áformaður 4. febrúar kl. 15:00.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð